

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar fimmtudaginn 19. mars 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Björn Guðmundur Björnsson, starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Oddviti óskaði eftir heimild fundarins til að bæta við áðurútgefna dagskrá 5. liðnum „Starfsmannamál“.

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Aukafundur Hreppsnefndar 28.02.2009(Lögð fram)
- Hreppsnefnd 05.03.09(Lögð fram)
- Atvinnumálanefnd 16.03.2009 (Lögð fram)
- Íþrótt- og tómstundanevnd 4.3.2009 (Til samþykktar)

Starfandi sveitastjóra falið að koma fundargerð til USB nefndar, fá tilboð í lagfæringu á gólfu í félagsheimili og einnig kostnað við að taka félagsheimilið í gegn að utan, skoða þarf nokkrar leiðir. Starfandi Sveitastjóra falið að koma ábendingu um læsingar á klósettum í Veri á framfæri við forstöðumann.

Fundargerði borin upp og samþykkt samhljóða

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit Norðul. Eystra 117 fundur

3. Skýrsla starfandi sveitarstjóra.

Í tengslum við skýrslu fulltrúa sveitarstjóra var eftirfarandi bókun gerð.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar óskar eftir því að Laugaskóli auglýsi stöðu umsjónarmanneskju við framhaldskóladeildina á Þórshöfn eins fljótt og hægt er, og leggur áherslu á að viðkomandi starfsmaður verði búsettur á Þórshöfn Samþ.samhljóða

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Fundur vegna vinnslu byggðaáætlunar 2010-2013
Samþykkt að Siggeir Stefánsson og Björn Guðmundur Björnsson starfandi sveitarstjóri sæki fundinn.
- Menntamálaráðuneytið – Menningarlandið 2009
Erindinu vísað til Atvinnumála og fræðslu –og menningarnefndar til umsagnar
- Ungmannafélag Íslands –Unglingalandsmót UMFÍ 2011
Erindinu vísað til ÍTN til umsagnar
- Vegagerðin – umsókn um framlög úr styrkvegasjóði
- Sauðfjárbúið að Felli.
- *Erindinu vísað til Landbúnaðarnefndar til umsagnar*
- Veiðifélag Hafalónsár – Matsgerð
- Menningarráð Eyþings – verkefnastyrkur
- Norðurþing – Efling atvinnustigs í Þingeyjarsýslum í samstarfi við ríkisvaldið

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að gerast aðili að tilraun til að efla atvinnustig í Þingeyjarsýslum í samstarfi við ríkisvaldið með fyrirvara um kostnað varðandi verkefnið.

Til afgreiðslu:

- Söngskrárnefnd Hreims 2009 – umsókn um stuðning
Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Söngskrárnefnd Hreims um krónur 5.000. Samþ.méð sex atkvæðum-einn á móti.
- Þekkingarsetrið – Leiðsögumanna námskeið
Samþykkt að greiða námskeiðsgjald fyrir tvo einstaklinga – einn frá Bakkafirði og einn frá Þórshöfn, til að taka þátt í leiðsögumanna námskeiði á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga. Atvinnumálanefnd jafnframt falið að velja slíka einstaklinga.
- Fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2010 – 2012
*Fulltrúi sveitarstjóra lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrir árin 2010 - 2012 ásamt áætlun framkvæmda
Samkvæmt áætlun mun rekstur sveitarsjóðs (A-hluta) verða með hagnaði sem nemur 3,3 millj. kr. 2010, 2,9 millj.kr.hagnaði árið 2011 og 2,7 millj.kr. hagnaði 2012
Samantekinn rekstur A og B-hluta mun verða með hagnaði sem nemur 9,5 millj. kr.2010, 9,0 millj.kr. hagnaði 2011 og 8,4millj.kr.hagnaði 2012 . Fram kom að í áætlun miðaðist við að framkvæmdir við hafnargerð yrðu svipaðar á árunum 2010 – 2012 og á árinu 2009 sem og eignfærðar fjárfestingar í öðrum deildum sveitarfélagsins að malbikunarframkvæmdum undanskildum.
Eftir nokkrar umræður var fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrir árin 2010 - 2012, samþykkt samhljóða.*

5. Starfsmannamál.

*Samþykkt að vísa erindum til umfjöllunar og afgreiðslu á lokuðum fundi sem hefst strax að afloknum reglulegum fundi hreppsnefndar.
Samþykkt samhljóða*

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:53